

Sjötti fundur 2010 var haldinn að Breiðabliki 26. apríl kl. 21:00.

Mættir: Eggert Kjartansson, Halldór Jónsson, Guðbjartur Gunnarsson, Svanur Guðmundsson, Jón Oddsson, Kristín Björk Guðmundsdóttir skólastjóri og Sigrún Ólafsdóttir reiknishaldari skólans.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Svanur ritaði fundargerð.

Dagskrá:

Skólamál:

4. Viðhald Laugargerðisskóla og lóðar.
 - Tilboð í gólf og vegg í eldhúsi skólans með epoxy efni. Samþykkt að taka þessu tilboði í gólfíð og athuga með að setja efnið á sturtur í herbergisálmum.
 - Fyrir fundinum lágu þrjú tilboð í eldhúsbord úr stáli. Samþykkt að taka tilboði Blikksmiðju Guðmundar að upphæð kr. 625.893,-
 - Stefnt að því að stækka leikvallarstæðið, jafna það og hækka að mön. Stefnt að því um miðjan maí.

Fleiðra ekki gert vegna skólahalds og þessar bókanir lesnar upp og samþykktar, síðan yfirgáfu áheyrnarfulltrúar fundinn.

Kristín Björk Guðmundsdóttir (sign)

Sigrún Ólafsdóttir (sign)

Fundargerðir:

1. Fundargerð aðalfundar DAB frá 20. apríl.
2. Fundargerð frá fundi um eflingu á sveitarstjórnarstiginu frá 29.03
3. 773 fundargeð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
4. Fundargeð stjórnar SSV frá 13.04
5. 14. Fundargeð skipulags og byggingarnefndar frá 20. apríl. Fundargerðin samþykkt.
6. Fundargerð skólanefndar Fjölbrautaskóla Vesturlands frá 13. apríl.

Til afgreiðslu:

1. Tilboð í stóla fyrir Breiðablik. Afgreiðslu frestað.
2. Beiðni um styrk vegna útgáfu af Snæfellskortinu kr. 50.000,-. Beiðnin samþykkt.
3. Bréf frá Þórði og Áslaugu á Syðra Lágafelli og varðar lóð undir ræktunarstöðina. Samþykkt að skoða málið með þeim.

Til kynningar:

1. Ársreikningar SSV
2. Ályktun frá Lögreglufélagi Vesturlands
3. Bréf frá Þjóðskrá.
4. Fundarboð á aðalfund Menningarráðs Vesturlands 5. maí
5. Bréf dagsett 16. mars frá Skipulagsstofnun og varðar greiðslu vegna aðalskipulags.

6. Bréf dagsett 19. mars frá jöfnunarsjóði sveitarfélaga og varðar endurgreiðslu á hækkuðu tryggingargjaldi.

Önnur mál:

- Nettenging. Oddviti fór yfir stöðuna en verið er að setja upp öflugri sendi að Brúarási. Oddvita falið að ýta á eftir lokun málsins.